

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF

Reykjavík, 26. mars 2015

Í tilefni af því frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum (skipan ákærvalds ofl.) 430. mál, telur ríkissaksóknari rétt að benda innanríkisáðherra og allsherjar- og menntamálanefnd á eftirfarandi atriði:

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið kemur eftirfarandi m.a. fram:

*„Ekki liggur fyrir heildstæð greining og rekstraráætlun um starfsemi embættis héraðssaksóknara af hálfu innanríkisráðuneytisins en samkvæmt lauslegri áætlun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættis héraðssaksóknara verði um 750 m.kr. á ári og er þá miðað við að starfsmenn verði 50 talsins. Þar af er gert ráð fyrir að 23 starfsmenn sinni rannsóknum á sviði skatta- og efnahagsbrota vegna verkefna sem færast frá sérstökum saksóknara og þá er reiknað með að 11 starfsmenn sinni ákærvaldsstörfum vegna verkefna sem koma frá ríkissaksóknara og sérstökum saksóknara.“*

Ríkissaksóknari telur að fjöldi ákærenda sé þarna vanáætlaður um a.m.k. tvö stöðugildi. Fjöldi ákærenda sem sinna þurfa efnahagsbrotum er að lágmarki 5 að mati þeirra sem til þekkja í þeim málaflokki, en ríkissaksóknari hefur m.a. rætt mannaflapörfina við sérstakan saksóknara, sem fer með rannsókn og saksókn efnahagsbrota í dag, og vara-ríkissaksóknara, sem áður var saksóknari við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Þá er það mat ríkissaksóknara, með hliðsjón af málafjölda og málabyngd þeirra ákærvaldsverkefna sem flytjast til embættis héraðssaksóknara frá ríkissaksóknara að a.m.k. 8 ákærndur þurfi að sinna þeim verkefnum. Tekið skal fram að ríkissaksóknari er ekki með stöðugildi héraðssaksóknara og varahéraðssaksóknara inni í þessum heildarfjölda, þ.e. 13 stöðugildum ákærenda.

  
Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari



Innanríkisráðherra

Allsherjar- og menntamálanefnd (kristine@althingi.is)